

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
EYJAR OG SKER

HLUTI E
VESTFIRÐIR
UTAN BARÐASTRANDARSÝSLNA

EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRIÐI	3
2.	UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR	4
3.	ALMENNT UM E HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, VESTFIRÐIR (utan Barðastrandarsýslna)	7
3.1.	Afmörkun kröfusvæðis	7
3.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu	7
4.	HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BARÐASTRANDARSÝSLNA	8
4.1.	Strandasýsla	8
4.2.	Norður-Ísafjarðarsýsla	13
4.3.	Vestur-Ísafjarðarsýsla.....	19
5.	KRÖFUSVÆÐI OG KRÖFUGERÐ	20
5.1.	Almennt	20
5.2.	Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins	21
5.3.	Önnur svæði innan kröfu íslenska ríkisins	23
5.4.	Utan kröfu íslenska ríkisins	23
6.	ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI	26

**KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
EYJAR OG SKER**

**HLUTI E, VESTFIRÐIR
UTAN BARÐASTRANDARSÝSLNA**

1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka til meðferðar svæði 12, Eyjar og sker. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 31. ágúst 2023. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, til 1. desember 2023, 1. febrúar og loks til 2. febrúar 2024.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirvar: Lögmennt íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

Afmörkun kröfusvæðis: Svæði 12, Eyjar og sker, afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 19. apríl 2023:

Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landbelginnar umbverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landbelgi, aðlægt beltí, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landbelgismarka umbverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.

2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR

Kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á svæði 12 hefur verið skipt í eftirfarandi átta hluta:

HLUTI A, SUÐURLAND

HLUTI B, AUSTURLAND

HLUTI C, NORÐURLAND EYSTRÁ

HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA

HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR

HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI H, SUÐVESTURLAND

Framsetningu kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjar og sker, er ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar.

Svæði 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, hefur verið skipt niður í framangreinda átta hluta eftir landshlutum og er sérstök kröfulýsing fyrir hvern og einn þeirra. Þótt sýslur séu ekki lengur gildar stjórnarsýslueiningar á Íslandi er landshlutunum átta skipt upp eftir sýslum. Í hverri og einni kröfulýsingu er þannig fjallað um þann hluta hafsvæðis sem liggur að nánar tilteknum sýslum. Ástæða þessarar skiptingar er umfang svæðis 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, en svæði 12 tekur til alls hafsvæðis umhverfis meginland Íslands, Grímsey og Kolbeinsey, frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins til ytri marka landhelginnar.

Svæði 12 er einnig skipt með þessum hætti vegna umfangs yfirfarinna heimilda. Yfirferð heimilda vegna svæðisins var eðli málsins samkvæmt sérstaklega umfangsmikil enda taldist nauðsynlegt að fara yfir heimildir er tóku til alls svæðisins, sem og meginlandsins. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín voru þannig allar yfirfarnar, sem og allar landamerkjabækur, sýslu- og sóknarlýsingar, og jarða- og fasteignamat fyrir allt landið. Tæplega sextíu Árbækur Ferðafélags Íslands, sem og tugir sérstakra heimilda um eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar, voru jafnframt yfirfarnar. Heimildaskráning vegna svæðis 12 er vel yfir þúsund blaðsíður. Framangreind skipting svæðis 12 einfaldar framsetningu allra þessara heimilda.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur í fyrri málum að því leyti að kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Þessi framsetning skýrist af því að málsmeðferð á svæði 12 tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjölmörg hugtök eru notuð um slíkar landfræðilegar einingar, s.s. hólmar, flögur, boðar, drangar, rif, klettur, annes. Þrátt fyrir skýringar í orðabók getur reynst erfitt að heimfæra þessi hugtök á hinar mismunandi landfræðilegu einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldi eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga umhverfis Ísland liggur ekki fyrir. Það eru því ekki bara eyjarnar á Breiðafirði sem eru ótaldar. Við undirbúning kröfugerðar þessarar varð hins vegar ljóst að einungis *nafngreindar* landfræðilegar einingar ofansjávar eru taldar í þúsundum.

Við gerð kröfulýsingar var ákveðið að skipta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum ofansjávar í þrjá flokka. Fyrst eru það eyjur sem eru eða hafa verið í byggð. Þá nafn- og ónafngreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa tengsl við tiltekna jarðir. Loks eru það eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa óljós eða engin tengsl við jarðir á meginlandinu.

Í mörgum tilvikum er um að ræða eyjaklasa, en stærstu eyjaklasana við Ísland er að finna á Breiðafirði en Vestmannaeyjar eru einnig eyjaklasi. Þegar um slíka eyjaklasa er að ræða er í heimildum oftast vísað til tiltekinnar eyju sem heimaeyjar eða heimalands, en til annarra landfræðilegra eininga sem úteyja o.þ.h.

Með hliðsjón af þessum fjölda eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar við Ísland, og sérstöðu svæðisins gagnvart öðrum kröfusvæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar fjallað um, er ljóst að ekki var unnt að beita hefðbundnum aðferðum við framsetningu kröfulýsingar.

Við framangreint bætist að þegar svæði 12 var afmarkað og opnað af óbyggðanefnd lágu ekki fyrir neinar upplýsingar um afmörkun stórstraumsfjöruborðs og svæðið var því einungis afmarkað með appelsínugulri línu umhverfis meginlandið. Upphaflegar kröfulýsingar íslenska ríkisins voru af þessum sökum eins víðtækar og raun bar vitni, þ.e. náðu til allra landfræðilegra eininga utan hinnar appelsínugulu línu, að undanskildum þeim sem unnt var að útiloka frá kröfulýsingu á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð.

Í kröfulýsingunum var reynt að tiltaka sérstaklega öll nafngreind svæði í kröfukaflanum. Fljótlega varð þó ljóst að mörg nafngreind svæði urðu útundan, auk þess sem ekki hafði verið unnt að staðreyna staðsetningu allra landfræðilegra eininga. Af þessum sökum voru uppfærðar og leiðréttar kröfulýsingar sendar óbyggðanefnd þann 27. mars 2024.

Upptalning á kröfusvæðum í kröfulýsingum var hins vegar ekki tæmandi enda náðu kröfur íslenska ríkisins til allra eyja, skerja og landfræðilegra eininga ofansjávar utan stórstraumsfjöruborð meginlandsins og innan landhelginnar, að frátöldum þeim svæðum sem voru sérstaklega undanskilin í hverri kröfulýsingu fyrir sig.

Við gerð kröfulýsinga var þannig beitt svokallaðri útilokunaraðferð, þ.e. að þau svæði sem hægt var að útiloka voru sérstaklega undanskilin kröfulýsingu. Fyrir lá að einstök svæði, sem sérstaklega var getið í kröfulýsingum, gætu í reynd verið utan svæðis 12 en sérstaklega var bent á að þau væru þá eðli málsins samkvæmt undanskilin kröfum íslenska ríkisins af þeirri ástæðu einni. Þannig var gert ráð fyrir að ef í ljós kæmi að tiltekin eining, sem getið væri í kröfulýsingu, félli í reynd innan stórstraumsfjöruborðs, þá væri hún sjálfkrafa undanskilin kröfulýsingu.

Eftir að íslenska ríkið skilaði kröfulýsingum 2. febrúar 2024, og í framhaldi opinberrar umræðu þar að lútandi, var af hálfu óbyggðanefndar hafin vinna við að afmarka svæði 12 betur með aðstoð og samstarfi ýmissa aðila sem almennt koma að kortagerð. Afrakstur þeirrar vinnu er kortasjá sem byggir á nokkrum kortagrunnum og loftmyndum, flokkað eftir bestu heimildum á hverjum stað, og sýnir fjörumörk umhverfis landið. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hvenær myndirnar voru teknar er ekki hægt að fullyrða hvort kortasjain sýni stórstraumsfjöruborð en fjaran nær a.m.k. eins langt og kortasjain sýnir. Vegna þessa er rétt að taka fram að þar sem vafi lék á hvort tiltekið svæði væri innan stórstraumsfjöruborðs/netlaga, var landeigandi látinn njóta vafans.

Í kjölfar þessa hófst önnur endurskoðun á þjóðlendukröfum íslenska ríkisins og eru uppfærðar kröfulýsingar nú lagðar fram. Í stað hefðbundinna kröfukorta verður kortasjain aðgengileg öllum

til skoðunar. Í henni hafa þau svæði sem eru undanskilin kröfu íslenska ríkisins verið skyggð með gráu en bláar kröfulínur eru dregnar utan um þau svæði sem gerð er krafa til.

Komi fram frekari heimildir um mörk stórstraumsfjöru á svæðum innan kröfu íslenska ríkisins, verða þau tekin til endurskoðunar.

3. ALMENNT UM E HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, VESTFIRÐIR (utan Barðastrandarsýslna)

3.1. Afmörkun kröfusvæðis

Hluti E liggur að eftirfarandi sýslum:

Strandasýsla

Norður-Ísafjarðarsýsla

Vestur-Ísafjarðarsýsla

3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Þau sveitarfélög sem liggja að kröfusvæðinu eru eftirfarandi:

Strandabyggð

Sveitarfélagið Strandabyggð varð til við sameiningu Hólmavíkurhrepps og Broddaneshrepps 10. júní 2006. Einn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu, Hólmavík. Íbúar sveitarfélagsins voru 428 árið 2023.

Kaldrananeshreppur

Sveitarfélagið Kaldrananeshreppur hefur verið til allt frá því að hreppafyrirkomulagi var komið á. Einn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu, Dranganes. Íbúar sveitarfélagsins voru 116 árið 2023.

Árneshreppur

Árneshreppur, áður Víkursveit. Enginn byggðakjarni er í hreppnum. Íbúar sveitarfélagsins voru 47 árið 2023.

Ísafjarðarbær

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær varð til við sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum; Flateyjarhrepps, Ísafjarðarkaupstaðar, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps 1. júní 1996. Fimm þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu; Ísafjörður, Þingeyri, Suðureyri, Flateyri og Hnífsdalur. Íbúar sveitarfélagsins voru 3.864 árið 2023.

Súðavíkurhreppur

Sveitarfélagið Súðavíkurhreppur er forn hreppur. Einn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu, Súðavík. Íbúar sveitarfélagsins voru 235 árið 2023.

Bolungarvíkurkaupstaður

Bolungarvíkurkaupstaður, áður Hólshreppur. Einn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu, Bolungarvík. Íbúar sveitarfélagsins voru 997 árið 2023.

4. HLUÐI E, VESTFIRÐIR UTAN BARÐASTRANDARSÝSLNA

4.1. Strandasýsla

4.1.1. Heimildir um eyjar í byggð

4.1.1.1. Grímsey (Steingrímsfirði)

Í Jarðabók segir m.a. um Grímsey:

Eign Skálholtsdómkirkju. Jarðarbyggíng og ráð hefur um nokkur ár haft prófasturinn sál. Sr. Þorbergur Illugason.

Jarðardýrleiki xii c.

Jörðin hefur í nokkur ár í eyði legið. Ábúandi sjer í lagi er þar enn nú enginn. Gagn jarðarinnar heyrst að hafi búendur á þorpum við Steingrímsfjörð Jón Thómasson og Ólafur Vermundsson. [...]

Eggver og dúntekja hefur þar verið að miklu gagni, en legst af stórum vegna harðinda og refa, sem þángað fara á is. Reki kann að vera að gagni þegar til vill, en festir illa.¹

Í sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Á meðal eyja er Grímsey stærst, snýr frá norðri til suðurs, og frá meginlandi hér um ¼ mílu, óbyggð nú, en fyrir 60 árum síðan var hún byggð og til forna talin 12 Hdr. að dýrleika. Ekki er í henni æðarvarp, en gott slægju- og beitarland.²

[...] Viðarreki í Grímsey.³

Grímsey liggur fram undan Bæ. Hún var áður byggð, og eru hér um 60 ár síðan hún lagðist í eyði. Í henni er hagbeitt góð og nokkur viðreki, líka teistikofa (máské réttara tistikofa, drefið af róm hennar).⁴

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Bæ, dags. 1. október 1886, lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 4. júní segir m.a.:

Grímsey fylgir Bæ.⁵

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1952 segir m.a. um Grímsey:

Í eyinni var fyrrum einn bær og út stundað þaðan útræði á haustum. Eyin liggur um 1,5 km frá landi, undan Bæ á Selströnd. Hún er um 2 km á lengd og 1 km á breidd. Eyin er mest öll há úr sjó eða um 70 m, þar sem hæst ber. [...] Eyin er lægri að austanverðu, og þar er lendingin ásamt hinu forna túni.⁶ [...] Ekki hefur

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 372.

² Samband vestfirzkra áttthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 242-243.

³ Samband vestfirzkra áttthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 248-249.

⁴ Samband vestfirzkra áttthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 255.

⁵ Strandasýsla, landamerkjabók 1884-1892, bls. 20.

⁶ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 95-96.

nú verið búið í eygni að staðaldri í meir en 150 ár, en heyjað hefur verið þar á sumrum og haft þar fé á vetrum og maður eða menn til að gæta þess. Um fjölda ára var tófueldi haft í eygni.⁷ Nú hefur refaeldi eigi verið haft í eygni síðan árið 1936. Áður fyrr mun æðarvarp hafa verið í Grímsey að einhverju gagni, en með tilkomu refanna eyðilagðist það að mestu eða öllu leyti. Öðrum fugli við eyna, þeim sem tæfa náði til, fækkaði einnig. Á síðustu árum hefur æðarvarp komið þar til á nýjan leik, og fást nú um 5-6 pund æðardúns á ári hverju. Útræði var löngum frá eygni á sumri og hausti, en eigi hefur verið svo, eftir að vélbátar komu til sögunnar.⁸

Talið er, að eyin dragi nafn af Grími Ingjaldssyni, er sigldi til Íslands í landaleit snemma landnámstíðar og dvaldist í eyinni hinn fyrsta vetur. Bergdís hét kona hans, en Þórir sonur. [...] Á miðöldunum átti Skálholtsstóll Grímsey, allt þar til er biskupssetur var lagt niður í Skálholti. Í hinum ágætu þjóðsögum Jóns Þorkelssonar (1899) er skemmtileg frásaga af því, hvernig Grímsey hafi orðið til. Er hún skrásett af Jóni Árnasyni eftir frásögn Ásgeirs alþm. Einarssonar frá Þingeyrum, árið 1861.⁹

Í Árbók Ferðafélagsins 1949, segir m.a. um Bæ á Selströnd:

Í fjarðarmynninu yzt að norðan, út af Malarhorni, er Grímsey. Liggur hún nú undir jörðina Bæ á Selströnd, en var fyrrum eign Skálholtsstaðar.¹⁰

Í Árbók Ferðafélagsins 1952, segir m.a.:

Í eygni var fyrrum einn bær og út stundað þaðan útræði á haustum. Eyin liggur um 1,5 km frá landi, undan Bæ á Selströnd. Hún er um 2 km á lengd og 1 km á breidd. Eyin er mest öll há úr sjó eða um 70 m, þar sem hæst ber. Vesturhlíð eyjarinnar er há og víða hömrótt, en með nokkuð grónum skriðum á milli. Heita þar Skorir einu nafni og Skorabrún. Undir Skorunum er víða hávaxið gras og skarvakál. Háeyin nefnist Kjölur, og er viti nyrzt á honum. Eyin er lægri að austanverðu, og þar er lendingin ásamt hinu forna túni.¹¹ [...]

Ekki hefur nú verið búið í eygni að staðaldri í meir en 150 ár, en heyjað hefur verið þar á sumrum og haft þar fé á vetrum og maður eða menn til að gæta þess. Um fjölda ára var tófueldi haft í eygni.¹² Nú hefur refaeldi eigi verið haft í eygni síðan árið 1936. Áður fyrr mun æðarvarp hafa verið í Grímsey að einhverju gagni, en með tilkomu refanna eyðilagðist það að mestu eða öllu leyti. Öðrum fugli við eyna, þeim sem tæfa náði til, fækkaði einnig. Á síðustu árum hefur æðarvarp komið þar til á nýjan leik, og fást nú um 5-6 pund æðardúns á ári hverju. Útræði var löngum frá eygni á sumri og hausti, en eigi hefur verið svo, eftir að vélbátar komu til sögunnar.¹³ Talið er, að eyin dragi nafn af Grími

⁷ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 96

⁸ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 97.

⁹ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 97.

¹⁰ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 88.

¹¹ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 95-96.

¹² Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 96.

¹³ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 97.

Ingjaldssyni, er sigldi til Íslands í landaleit snemma landnámstíðar og dvaldist í eygni hinn fyrsta vetur. Bergdís hét kona hans, en Þórir sonur. [...]

Á miðöldunum átti Skálholtsstóll Grímsey, allt þar til er biskupssetur var lagt niður í Skálholti. Í hinum ágætu þjóðsögum Jóns Þorkelssonar (1899) er skemmtileg frásaga af því, hvernig Grímsey hafi orðið til. Er hún skrásett af Jóni Árnasyni eftir frásögn Ásgeirs alþm. Einarssonar frá Þingeyrum, árið 1861.¹⁴

4.1.2. Eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem heyra undir jarðir

4.1.2.1. Bæjarey, Baldhólmi og Sandsker

Í Jarðabók segir m.a. um Bæ:

Eyjar eru fyrir landi Bæjarey, Baldhólmi og Sandsker, þar er í lítilsháttar eggver og dúntekja, og lítilfjörlegar slægjur.¹⁵

Í landamerkjabréfi Bæjar dags. 31. desember 1889, lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ, 19. júní 1890 segir m.a.:

Jörðinni fylgja 2 varphólmar í Hrútafirði nefndir Bæjarey og Baldhólmi og við sker fyrir landinu er dálítill vorkópaveiði.¹⁶

4.1.2.2. Hrútey

Í Jarðabók segir m.a. um Ófeigsfjörð:

Ey er þar fyrir landi, kölluð Hrútey. Í henni verpur ekkert, því hrafn í björgum þar fyrir ofan fælir burt allan fugl.

Í landamerkjabréfi Ófeigsfjarðar dags. 21. janúar 1890, lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Arnesi 2. júlí 1890 segir m.a.:

Varplönd, sem liggja undir Ófeigsfjörð eru: Hrútey skammt undan landi Ófeigsfjarðarmeginn við Hrúteyjarnes og hólmi, skammt undan landi innst á firðinum.¹⁷

Í Árbók Ferðafélagsins 1949, segir m.a.:

Hrútey er fyrir landi sunnan undir múlanum, aðalvarpeyja Ófeigsfjarðarmanna.¹⁸

¹⁴ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 97.

¹⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Strandasýsla (VII. bindi), bls. 445.

¹⁶ Strandasýsla, landamerkjabók. 1884-1892, bls. 33.

¹⁷ Strandasýsla, landamerkjabók. 1884-1892, bls. 95

¹⁸ Ferðafélag Íslands, Guðrún Ása Grímsdóttir setti saman. 1994. Árbók: Ystu strandir norðan Djúps, bls. 234.

4.1.2.3. Ófeigsfjarðarsker (Flatasker, Hnúasker, Austurklakkar, Brimilsklakkar)

Í Jarðabók segir m.a. um Ófeigsfjörð:

Skar eru þar fyrir landi, kölluð Ófeigsfjarðarsker. Í þeim má stundum hafa selveiði þá til vill, og einu sinni hefur á þeim fest óþekktanlegt hvalbrots tetur.¹⁹

Í sýslu- og sóknarlýsingu segir m.a.:

Þá taka við sunnar Ófeigsfjarðarsker, og er það skerjaklasi mikill, þá Munaðarnessker, norður undan Krossnesfjalli, og er það líka skerjaklasi allmikill.²⁰

Í landamerkjabréfi Ófeigsfjarðar dags. 21. janúar 1890, lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Arnesi 2. júlí 1890 segir m.a.:

Skar, sem selveiði er við og liggja undir Ófeigsfjörð eru almennt nefnd Ófeigsfjarðarsker, þau eru talsvert undan landi, og eru hin einstöku skar nefnd, Flatasker, Hnúasker, Austurklakkar og Brimilsklakkar.²¹

4.1.2.4. Ásmundarnesseyjar

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Ásmundarnes:

Eyjar tvær eru þar fyrir landi, sem fjarar í, kallaðar Ásmundarnesseyjar. Þar hefur verið í til forna eggver að nokkru gagni og dúntekja lítulsháttar, en nú er það af. Þar fæst nú einasta stundum lítulsháttar af krú- og teistikofueggjum, varla ómarksvært. Slægjur eru þar stundum að nokkru gagni. Selveiði mjög lítulfjörleg.²²

Í sýslu- og sóknarlýsingu segir m.a.:

Þar eru tvær grasi vaxnar varpeyjar. Ásmundarnes stendur við botn Bjarnarfjarðar.²³

Í Árbók Ferðafélagsins 1949 segir m.a.:

Bærinn er eign Staðarkirkju í Steingrímsfirði, og njóta Staðarprestar hlunninda þeirra, sem þar eru af æðarvarpi og selveiði. Skammt undan landi eru varpeyjarnar, sem einu nafni kallast Ásmundarneseyjar, en þó hefur hver einstök þeirra sitt nafn. Hin mesta þeirra nefnist Þórðarey, þá Litlaey og Dímon.²⁴

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 324.

²⁰ Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 217.

²¹ Strandasýsla, landamerkjabók. 1884-1892, bls. 95.

²² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 360.

²³ Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 256.

²⁴ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1952. Árbók: Strandasýsla, bls. 104. Tvær síðarnefndu hafa ekki fundist á kortasjá.

4.1.2.5 Djúpflaga

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Víðirdalsár, dags. 15. maí 1888, sem lesin var upp fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófberri 14. september 1889, segir m.a.:

Að utan ræður sjónhending úr vörðu á svonefndum Galtarhöfða framanveðrum inn með sjónum skammt fyrir innan bæinn á Hrófá innan til við Innra varpsker það sem liggur undir Hrófá, yfir skerflögu lága fram og inn af Hrófár varphólmanum, er nefnist Djúpflaga og beint í Reykjanesið hinumegin Fjarðarins.²⁵

4.1.2.6 Broddaneseyjjar

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Broddanes í Fellshreppi í Strandasýslu, dags. 10. júní 1890, sem lesin var fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 24. júní 1890 segir m.a.:

Hólmar, eyjar og sker, sem jörðinni fylgja eru: Fannasker, þar útaf er Erlendsboði, þar útaf Æðarsker, þar útaf Innri Djúpflögur, austur af Æðarskeri eru Rifgirðingar og Klakkar. Norðaustur af eru , þar norður af er Litla- og Stóra-Broddnasey, austur af henni er Þernuhólmi og Þernuhólmasker þar austur af er Hvalsker; norðaustur af Broddanesey eru svokallaðir Skottar, þar beint vestur af eru svokallaðar Djúpflögur. Auk ofangreindra hólma og skerja eru ýms fleiri sker, sem jörðinni tilheyra, en ekkert sjerstakt nafn hafa.²⁶

4.1.2.7 Sandsker, Æðarsker og Hólminn

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Kollafjarðanes í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu, dags. 25. maí 1890, sem lesin var fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júní 1890, segir m.a.:

Varplönd jarðarinnar eru: svo kallað Sandsker og Æðarsker og Hólminn. Lagnarsker eru, Háiboði austur af Hólmanum og svo smá sker austráð Lámaga.²⁷

4.1.2.8 Lagnarsker og Lámaga

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Kollafjarðanes í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu, dags. 25. maí 1890, sem lesin var fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júní 1890, segir m.a.:

Varplönd jarðarinnar eru: svo kallað Sandsker og Æðarsker og Hólminn. Lagnarsker eru, Háiboði austur af Hólmanum og svo smá sker austráð Lámaga.²⁸

4.1.3. Jarðir sem eiga réttindi í ónafngreindum landfræðilegum einingum Ófeigsfjörður.²⁹

²⁵ Strandasýsla, landamerkjabók. 1884-1892, bls. 26.

²⁶ Strandasýsla, landamerkjabók. 1884-1892, bls. 40.

²⁷ Strandasýsla, landamerkjabók. 1884-1892, bls. 67.

²⁸ Strandasýsla, landamerkjabók. 1884-1892, bls. 67.

²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 324.

4.2. Norður-Ísafjarðarsýsla

4.2.1. Eyjar í byggð

4.2.1.1. Vigur

Í Jarðabók segir m.a. um Vigur:

Þetta er umflotin ey, sem liggur á Ísafjarðardjúpi fram undan Skötufjarðar mynni hjer um þriðjung viku undan landi.

Jarðardýrleiki xxiii c, og so tíundast 4 tíundum.

Eigendur sömu og að Ögri, vide supra Ögur.

Ábúandinn Jón Sigurðsson.

Torfrista og stúnga næg. Svörður brúkast til eldiviðar. Eggver af æðifugli og öndum er ekki teljandi með hlunnindum. Lundatekja hefur áður verið mikil en þykir mjög fara til rýrðar og að litlu gagni í nokkur ár. Rekavon engin önnur en af hvölum þeim, sem járnaðir verða á Ísafjarðardjúpi. Hrokkelsatekja hefur að fornu verið, hefur ei brúkast í margt ár, meinast og lítil þó til reynt væri.

Fornibær heita tóftarústir hjer á eyjunni, þar hefur bærinn staðið í fyrstu og þaðan fluttur meir en fyrir stórt hundrad árum þángað sem nú er hann.³⁰

Í sýslu- og sóknarlýsingu segir m.a.:

Hér um eina mílu í norður frá því nesi er eyjan: Vigur, 24 Hdr. Hún er grösug og gagnsöm að varpi og fuglatekju, gefur af sér hér um 50 pund duns og 1000 kofur og lunda. Hún hefur heimræði vor og vetur og rétt vel húsuð.³¹

Í landamerkjabréfi dags. 19. maí 1890 segir:

Jörðin Vigur í Ögurhreppi í Ísafjarðarsýslu 39.6 hndr. að dýrleika, nýtt mat, er ey og ræður sær landamerkjum hennar á alla vegu. Geldfjár upprekstur og skógartak á hún í almenningum Ögurhrepps í Skötufirði og Hestfirði.³²

Í Árbók Ferðafélagsins 1949, segir m.a.:

Um 5 til 6 km í norður frá Hvítanestöngum liggur eyin Vigur fyrir mynni Skötufjarðar og Hestfjarðar, millum Folafótar og Ögurness. Hún er um tvo km á lengd og um 300-400 m á breidd, þar sem hún er breiðust. [...]

Í brúnum hjallanna, sem fyrr getur, eru lágir klettur í framhaldi af Bjarginu og skipta þannig eyinni í svonefnda Háeyju og Lágeyju. Á vestanverðri Lágeynni er blágrýtisberg allmikið, sem heitir Mánaberg. Við syðri enda þess eru fornar

³⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 203.

³¹ Samband vestfirzkra áttthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 135.

³² Ísafjarðarsýsla, landamerkjabók 1883-1958, bls. 178.

húsarústir, og heitir þar Fornibær. Norðan á eyinni, á Sjávarenginu, eru einnig fornar tóttir. [...]

Vigur er öll þurrland, hvergi væta í jörðu, svo sem mýrar eða votlendi. Eigi að síður er þar nóg af góðu vatni, einkum syðst á eyinni. Jurtagróður er þar allfjölbreyttur og skarfakál mikið í klettum. Fyrrum var það trú manna, að eyrin bæri ekki stórt landbú, þar sem engin engjalönd lágu undir hana á meginlandinu, eins og undir Æðey, og lifðu því eyjarskeggjar mikið af sjávarafla. En það hefur sannast á síðari árum, að slíkt var villutrú, því að eftir því sem búpeningi hefur fjölgað, hefur grassprettu orðið meiri og árvissari. Nú er áhöfn í Vigur: 10 nautgripir, 2 hestar og 230 fjár. Féð er flutt til lands á sumrum. Áður fyrr voru kýrnar einnig fluttar á land og haft í seli.³³

Útræði hefur alla tíð verið í Vigur, einkum á öld árabátanna. Austan á eyinni er gömul verbúð, sem nú er fallin, nefnd Holubúð eða Hola aðeins. Sundið fyrir austan Vigur nefnist Áll eða Viguráll, og er þar oft fiskisælt.³⁴ Æðarvarp er allmikið í Vigur, dúntekja um 60 kg á ári og fer heldur vaxandi. Mest er varpið á sunnanverðri eyinni, enda er hún þar lægst, en svo má einnig vera, að æðurin hænist að mannabyggðinni. Kollurnar hreiðra sig við bæjarþilin og hvar sem vera skal. Við bátaspilið t.d. verpir alltaf ein kolla, og lætur sig engu skipta skarkala og sífellda mannaferð. Komið hefur það og fyrir, að æður hafi orpið í útihúsi, þar sem gleymzt hafði að loka hurðum, og leitt þar út unga sína. Æðarvarp krefst mikillar umhirðu, ef það á að gefa góðan arð, en viðkynningin við fuglinn veitir líka magar ánægjustundir. Kríuvarp er töluvert í Vigur, einnig það er mest sunnan til á eyinni og virðist færast nær bænum. Versti óvinur kríunnar er fálkinn, sem heggur stór skörð í hóp kríuunganna á hverju síðsumri. Í ágústmánuði kemur valurinn af landi ofan með unga sína til að kenna þeim vopnaburðinn, enda er gnægð fanga í eyinni.³⁵ [...] En sem kunnug er, eru hrafnar og svartbakar hinir verstu vargar í varplöndum. Ýmsir aðrir fuglar verpa í eyinni, svo sem teistur, endur og flestar tegundir íslenzkra spörfugla. Enn er þó sá fuglinn ótalinn, sem mest er af, en það er lundinn eða „prófasturinn“. Vigur er sennilega einhver hin mesta lundaey landsins. [...] Lundinn er veiddur allmikið. [...] Áður fyrr var kofnatekja mikill liður í búskap Vigurbóndans, en nú lítill eða enginn í margt ár. [...] Á umliðnum öldum hafa ýmsir merkir og mikilhæfir menn búið í Vigur. Þjóðkunnur er séra Sigurður Stefánsson alþingismaður, sem ættaður var frá Heiði í Gönguskörðum. Hann kom í Vigur árið 1883 og bjó þar við rausn mikla og höfðingsskap alla ævi síðan. Nú býr í Vigur sonur hans, Bjarni.³⁶

4.2.1.1. Borgarey

Í Jarðabók segir m.a. um Borgarey:

³³ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók: Norður-Ísafjarðarsýsla, bls. 78-79.

³⁴ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók: Norður-Ísafjarðarsýsla, bls. 80.

³⁵ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók: Norður-Ísafjarðarsýsla, bls. 80-81.

³⁶ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók: Norður-Ísafjarðarsýsla, bls. 80-83.

Þessi jörð hefur jafnan verið brúkuð frá staðnum hálf eður öll, eftir því sem staðarhaldaranum hefur þótt sjer haganlegast, en nú er bygður fjórðungur jarðarinnar. Þetta er þó lögbýlis jörð.³⁷

Eigandinn beneficium Vatnsfjörður.

Ábúandinn á vi c Jón Einarsson.

Á þrem hlutum jarðarinnar er enginn ábúandi, heldur brúkar staðarhaldarinn hana til slægna og annara nytsemda, og eru hjer því öngvir byggíngakostir ákveðnir, er hjer þó ekkert kvikfje af staðarins álfu.

Eggver af æðifugl<i> og dúntekja þar af gagnvæn inn til næstu 2ja ára, síðan að öngvu gangi, og eru þessi hlunnindi frá skilin í byggíngunni, og því nýtur staðurinn þeirra en ábúandi ekki.

Lundatekja lítil og fiðurtekja þar af, brúkast lítt.

Selveiði gagnvæn hefur verið, þykir nú fara til rýrðar en brúkast þó, og hefur ábúandi, sem leggur til nótt og veiðir sjálfur, annars eftir jarðarhöfn.

Sölvafjara lítil og valla teljandi.³⁸

Í Sýslu- og sóknarlýsingu segir m.a.:

Borgarey, á Ísafirði utanverðum. Þar er nokkurt æðaeeggver. Við báðar selalagnir. Borgarey mun gefa árlega af sér 3 eða 4 kúafóður.³⁹

Í Árbók Ferðafélagsins 1949, segir m.a.:

Um 2½ km norðaustur af Sveinhúsanesi er Borgarey, sem liggur undir Vatnsfjörð. Fyrrum var búíð í eyinni, er þá var hjáleiga Vatnsfjarðar. Sér þar enn til tóttu og garða. Eyin er um hálfur km á breidd, þar sem hún er breiðust, og einn km á lengd. [...]

Vestan undir Borginni er hið forna túnstæði og bæjarrústir. [...]

Eyin er öll grasi vaxin og í flestum árum hið bezta engi. Borgin er grasi gróin að ofan, en sjaldan slegin. Er þetta hið fegursta varpland að sjá, en þó hefur æðarvarpi löngum orðið þar æði misært, að því er sögur herma. Stundum nær ekkert, en stundum hefur túntekja náð 50 kg eða meir. Hin síðustu ár hefur æðarvarp í Borgarey minnkað að mun, og er svo í flestum örðum varplöndum Djúpsins, nema Vigur.⁴⁰ Samkvæmt frásögn Landnámu er Vatnsfjörður landnámsjörð, og nam hana Snæbjörn, bróðir Helga magra, og mikið land annað, sem þeirra var siður, er hér komu að landi lítt numdu. Ekki ílentust þó

³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 215.

³⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 215.

³⁹ Samband vestfirzkra áttahagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 139-140.

⁴⁰ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók: Norður-Ísafjarðarsýsla, bls. 96-97.

afkomendur hans í Vatnsfirði svo kunnugt sé, og er um það fyrr talað. Á söguöld er þar kunnastur höfðingi Vermundur mjói og kona hans, Þorbjörg digra, er barg Gretti frá hengingu.⁴¹

4.2.1.3. Æðey

Í Jarðabók segir m.a. um Æðey:

Eigandi jarðarinnar þar mæðgur Elen Hákonardóttir og Kristín Guðbrandsóttir, kvinna Vigfúsar Jónssonar að Leirá í Borgarfjarðarsýslu, og byggir hann alla jörðina.

Ábúandi á hálfri jörðunni Páll Þormóðsson. Ábúandi á hinum helmíngnum Eysteinn Jónsson.

Torfrista og stúnga næg. Reiðingsrista lök og valla nýtandi. Hrísrif til kolgjörðar bagalegt. Svörður brúkast hjer mest til eldiviðar, sem hjer er í besta lagi.

Eggver af æðifugli og dúntekja þar af hefur áð<ur> góð og gagnvæn verið, en smámsaman farið til þurðar, og nú valla teljandi í margt ár. Lundatekja er hjer ekki teljandi, þó liggur hjer sá fugl við eyra í urð og sumstaðar mjög sundurgrafni jörðu, so hönum verður þar fyrir ekki náð nema jörðu sje skatt. Selveiðivon gagnvæn hefur verið, fer mjög til rýrðar. Rekavon nokkuð skárri en áður segir um hinar jarðirnar, þó einasta af hvölum þeim, sem járnaðir verða á Ísafjarðardjúpi. Sölvafjara fyrir heimilið bjargleg, hefur ei brúkast í margt ár. Hrokkelsatekja hefur verið að fornu en nú ekki í margt ár.

Norðurtún heitir eitt pláts hjer á eyrni, þar þykir mönnum líklegt að bær muni staðið hafa, eftir sem sýnilegt er af tóftarrústum og túngarðsleifum, en enginn veit hjer annað víst um að segja. Ekki má hjer aftur byggja, því heimajörðin má einskis missa.

Mánaberg heitir það pláts, sem selið stendur nú á meginlandi frá Æðey og í hennar landi. Það er sögn mann<a> að þar hafi í fyrndinni bygð verið, en lítil sjást þess nú merki af tóftarústum alleina. Ekki má hjer og bygð setja fyrir túnstæðisleysi.

Garðar, annað eyðiból á meginlandi. Þar sjást ljósar byggíngaleifar af tóftarrústum, og eru munnmæli að hjer hafi kirkja verið, og eru kallaðir skamt frá þessu takmarki Kirkjusteinar og Kirkjutúngur. Ekki má hjer aftur byggja fyrir snjóflóðum, er og sagt að snjóflóð hafi bæinn tekið og bygðina eyðilagt.

Þessi eyðilönd liggja nú og hafa legið það menn til vit<a> undir Æðey og brúkast bæði til slægna og beitar frá selinu.⁴²

Í Sýslu- og sóknarlýsingu segir m.a.:

⁴¹ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók: Norður-Ísafjarðarsýsla, bls. 97-102.

⁴² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 255.

Æðey, byggð, hér um bil ¼ mílu á lengd, en hefingi mjórri, liggur frá landi beint fram í Djúpið, afar vogskorin á alla vegu og umgirt klettum. Í henni eru samt góðar lendingar. Fremsti oddi hennar heitir Klettur, en lendingin Kúahólmar. Hæðir eru margar á ey þessari, kallast sumar af þeim borgir, svo sem Brunnborg, Miðborg, Stóraborg og Vatnsborg. Í landsundinu liggur hólmur nokkur, Æðeyjarhólmur kallaður, óbyggður, ofan grasi vaxinn. Viðlíka er hann hár og Harðarhólmur í Hvalfirði, en á að gizka sexfalt viðlendari.⁴³

Æðeyjarklettur og Ögurhólmar.⁴⁴

Rastir, boðar, grynningar og sker eru hér varla teljandi, þó er svokallaður Skarðsboði viðsjáall á stundum. Hann liggur beint undan Hvannatá, nokkuð frá landi. Kringum Æðeyju eru smásker, einkum í Landsundinu, og í miðjum inngangi Æðeyjarhafnar er lítið blindsker, sem Úfur heitir, gegnt svokölluðum Djúphólmi, hjá hverju ávallt sneiða verður.⁴⁵

Æðey. Hún er 36 Hdr. að dýrleika og bændaeign. Sjálf eyjan var fyrr talin 18 Hdr., en land hennar uppi á ströndinni 18 Hdr., og fer þetta ei fjarri. Eyjan er grasi vaxin og á henni töluvert slægjuland, en mjög er hún samt yfir höfuð, snöggland. Til beitar fyrir fénað, er hún kjarngóð. Á henni er töluvert æðavarp, og fer því nú um stundir fremur fram en aftur. Nokkur kofnatekja og lítil lundaveiði er þar. Áður var þar og selveiði, en mjög fer henni hnignandi ár af ári, valda því líklega skot veiðimanna kringum eyna. Bærinn stendur sunnanvert á miðri eyinni, millum 2 hæða, sem skaga fram báðu megin og mynda fagra höfn, sem gegnt bænum lokast af smáhólum, er heita Djúphólmar, nema hvað örmjótt sund liggur til hafnarinnar. [...]

Gegnt fyrrnefndum Æðeyjarhólma er Bergsel á landi. Þar er selstaða, öllum sumrum úr Æðey. [...] Hlíðin gjörlist nú brattari, allt út að Sátuvík. Skammt fyrir utan Vogana er Kliptahryggurinn, sem skilur Æðeyjar- og Skarðsland. Á Eyjahlíðinni eru helztu slægjur Æðeyjarbónda, þar er heygott en snögg- og harðslægt. Vetrararbeit mætti og á hlíðinni hafa, en einkum á Horbletti, en erfitt er þess að njóta sökum ill- og harðviðranna, sem líkt og annarstaðar á ströndinni tíðum úrskeiðis ganga.⁴⁶

Selveiði er í Æðey.⁴⁷

Í Æðey er eggvarp og dúntekja.⁴⁸

Í Árbók Ferðafélagsins 1949, segir m.a.:

Æðey liggur undan Snæfjallaströnd innanverðri og er stærsta eyin í Djúpinu. Hún er 2,2 km á lengd frá norðri til suðurs og um einn km á breidd til jafnaðar.

⁴³ Samband vestfirzkra áttahagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 143.

⁴⁴ Samband vestfirzkra áttahagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 145.

⁴⁵ Samband vestfirzkra áttahagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 145.

⁴⁶ Samband vestfirzkra áttahagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 148-149.

⁴⁷ Samband vestfirzkra áttahagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 151.

⁴⁸ Samband vestfirzkra áttahagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 152.

[...] Um miðja austurströndina er Höfnin, það er stuttur en allrúmgóður vogur, og stendur bærinn fyrir botni hans. Í vogsmynni þessu að sunnan eru tveir varphólmar, Norðurhólmi og Vesturhólmi, með mjóum, grunnum sundum á milli. En dýpsta sundið er norðan við hólmana báða og er fært 20-30 lesta bát eða meir um flóð. Í sundi þessu er sker, sem fellur yfir um flóð, og kallast það Úfur. Höfnin er því mjög vel varin fyrir sjávangangi, en lagnaðaris er þar oft til boga. Eyin er yfirleitt óslétt með hólum, hæðum og borgum og mýrarsundum á milli. Um miðja eyna þvera er túnið. Það er nú orðið allt slétt, þ.e. þúfnalaust, en mishæðótt er það og hólótt. Vil brenna af hólunum í köldum vorum og þurrum, en þó gefur það af sér 300-400 hestburði í meðalári, enda vel hirt. [...] Milli norðurenda eyjarinnar og Snæfjallastrandar er mjótt sund, nefnd Hólmsund. Í því nær miðju er allstór hólmi og nokkuð hár, nefndur Djúphólmi. Vor og haust synda Æðeyingar hestum sínum upp og niður yfir sundið. Suðurhluti eyjarinnar er í daglegu tali nefndur vestur á eyju og er að landslagi til dálítið frábrugðinn nyrðri hlutanum. Þar eru hæðirnar ekki borgir, heldur stórir, ílangir hólar og hin þýfðu mýrarsund á milli þeirra sums staðar kröpp og djúp. Á einum þessara hóla er annar Fornibær. Þar eru tóttir og garðar mjög sökkið í jörðu. Á sumrum er suðurhluti eyjarinnar notaður til slægna, en norðurhlutinn til beitarr. Á öðrum tímum árs ganga gripir um eyna alla. Suðvesturhornið kallast Æðeyjarklettur. Þar var fyrir fáum árum byggður viti allvænn úr steinsteypu, en ljóslaus er hann enn (1948).⁴⁹

Í sögum fyrri og síðari alda er Æðeyjar og íbúa hennar að litlu getið. Henni bregður þar fyrir eins og leiftri um nótt – og svo ekkert meir. Má það merkilegt heita um svo gagnauðugan stað. Ef til vill er skýringin sú, að höfðingsmenn fyrri tíða, þeir er söguna skópu, þjuggu ógjarna í eyjum, þó að auðugar væru að landsnyttjum, en þeir munu hafa sótt eftir að eiga þær og leigja gegn háu afgangi. Þannig mun þetta oft hafa verið með Æðey, þar til á síðari hluta 18. aldar, að einhver hluti hennar mun hafa komið í eigu Jóns Arnórssonar sýslumanns í Ísafjarðarsýslu, og hafa afkomendur hans í beinan karlegg búið þar síðan. Árni, sonur Jóns sýslumanns, giftist og byrjar búskap í Æðey rétt eftir aldamótin 1800. Rósinkar, sonur Árna, giftist og byrjar þar búskap 1847 og býr til 1874, er Guðmundur sonur hans tekur við og býr þar til dauðadags 1906. Eftir lát hans býr ekkja hans á jörðinni um næstu 25 ár, með hjálp þriggja yngstu barna sinna, er enn búa í Æðey og halda uppi fornri rausn, þau Ásgeir, Halldór og Sigríður.⁵⁰

4.2.2. Eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem heyra undir jarðir

4.2.2.1. Strandseljahólmi

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Strandsel:

⁴⁹ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók: Norður-Ísafjarðarsýsla, bls. 120-130.

⁵⁰ Ferðafélag Íslands, Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók: Norður-Ísafjarðarsýsla, bls. 124-125.

Eggver af æðum og öðrum smáfuglum hefur áður verið lítið í Strandseljahólma, en nú ekki til gagnsmuna í nokkur ár.⁵¹

4.2.2.2. Bolungarvíkursker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Bolungarvík:

Selveiðivon gagnvæn við Bolungarvíkursker, brú<úk>uð alt til þessa.⁵²

Í Árbók Ferðafélagsins 1949, segir m.a.:

Fyrir landi í Bolungarvík eru hólmar og sker; heita einu nafni Bolungarvíkursker, og er þar oft mikið um sel enda selveiðivon talin gagnvæn í Bolungarvík. Á Stórakeri og Landskeri sem svo heita var æðarvarp.⁵³

4.2.3. Jarðir sem eiga réttindi í ónafngreindum landfræðilegum einingum:

Fjallaskagi.⁵⁴

Vífilmýrar.⁵⁵

Holt í Önundarfirði.⁵⁶

4.3. Vestur-Ísafjarðarsýsla

Ekki hafa fundist heimildir um eyjur, sker eða aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar innan þessa hluta kröfuvæðisins.

⁵¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 196.

⁵² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 310.

⁵³ Ferðafélag Íslands, Guðrún Ása Grímsdóttir setti saman. 1994. Árbók: Ystu strandir norðan Djúps, bls. 196.

⁵⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 84.

⁵⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðarsýsla (VII. bindi), bls. 109.

⁵⁶ Landamerkjabréf fyrir Holt „sjóarhólma“ í Önundarfirði, þinglýst að Þórustöðum 2. júní 1891, Ísafjarðarsýsla landamerkjabók 1883-1958.

5. KRÖFUSVÆÐI OG KRÖFUGERÐ

5.1. Almenn

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta E, Vestfirðir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Tekur krafa ríkisins til allra nafngreindra og að öðru leyti tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem taldar eru í kafla 5.2 og allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga, sbr. kafla 5.3. Í kafla 5.4 eru taldar þær eyjar, sker og landfræðilegu einingar sem krafa ríkisins tekur *ekki* til.

Byggt er á því að þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem krafa ríkisins tekur til, sbr. kaflar 5.2 og 5.3, hafi verið utan landnáms. Af frásögnum Landnámu er einstakra kröfusvæða ýmist ekki getið eða getið án þess að unnt sé að ráða hvort þar hafi menn hafið búsetu eða einungis farið þar um. Af frásögnum Landnámu verður því ekki ráðið að landnám hafi náð til kröfusvæðanna. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim lýsingum um stofnun beins eignarréttar yfir svæðunum í öndverðu. Verði talið að svæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra.

Á því er einnig byggt að af fyrirliggjandi heimildum, sbr. kafla 4 hér að framan, verði ekki ráðið að stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að að því marki sem kröfusvæðin hafa verið nýtt þá hafa þau eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti eða til nýtingar á tilteknum hlunnindum, í flestum tilvikum til beitar, fuglaveiði og eggjatöku. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess í einhverjum tilvikum að tilteknar jarðir eða tilteknir aðilar hafi kallað til réttinda á einstökum kröfusvæðum, þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi jarðir eða aðilar voru tilkomnar að þeim réttindum.

Þá er á því byggt að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðunum. Um er að ræða eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa verið og eru ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar. Að því marki sem heimildir benda til þess að búseta hafi verið á kröfusvæðunum virðist hafa verið um að ræða takmarkaðar og stopular tilraunir þar að lútandi.

Vísast hér að öðru leyti til 4. kafla kröfulýsingar þessarar, þar sem teknar hafa verið saman fyrirliggjandi heimildir um hvert svæði.

Tekið skal fram að kröfulýsing þessi byggist á þeim heimildum sem liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins.

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og Landsréttar, eftir því sem við á, sem og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

5.2. Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að eftirfarandi nafngreindar og að öðru leyti tilgreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta E, Vestfirðir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998:

1. Arfasker
2. Ásmundarneseyjar (Litla-Ey og Dímon)⁵⁷
3. Baldhólmi (Húnaþing vestra)
4. Bolungarvíkursker
5. Borgarey
6. Brestsker / Breksker / Bretsker
7. Broddanesey (Stóraey og Litlaey)
8. Bæjarey (Húnaþing vestra)
9. Djúpflaga⁵⁸
10. Djúpflögur⁵⁹
11. Djúphólmi (við Æðey)
12. Djúpsker (austan til við Brimnes í Kaldrananeshreppi)
13. Drangahólmar
14. Drangasker
15. Erlendsboði⁶⁰
16. Fannasker
17. Geirmóðssker⁶¹
18. Gíslasker
19. Grímsey
20. Háiboði⁶²
21. Hólmur / Borgareyjar-Hólmur
22. Hólminn⁶³
23. Hrótey (Árneshreppur)
24. Hryggjarkleif⁶⁴
25. Hraunhólmi⁶⁵
26. Hvalsker

⁵⁷ Litla-Ey og Dímon hafa ekki fundist á kortasjá.

⁵⁸ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁵⁹ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶⁰ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶¹ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶² Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶³ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶⁴ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶⁵ Hefur ekki fundist á kortasjá.

27. Innri-Djúpflögur⁶⁶
28. Klakkar (Kaldrananeshreppur, í Hveravík)
29. Klakkar (Ísafjarðarbær)
30. Klakkur (Móts við Borgarey)
31. Lagnasker⁶⁷
32. Landamerkjasker⁶⁸
33. Landsker⁶⁹
34. Lámaga⁷⁰
35. Lámagi⁷¹
36. Leiðarsker (tvö)
37. Lönguhlein⁷²
38. Lönguhleinarbás⁷³
39. Ófeigsfjarðarsker (Flatasker, Hnúasker, Austurklakkar, Brimilsklakkar)
40. Sandsker (Húnaþing vestra)
41. Sandsker⁷⁴
42. Selsker (Strandabyggð)
43. Selsker (Skerjaklasi í Ísafjarðarbæ)
44. Selsker (Árneshreppur)
45. Selskerin⁷⁵
46. Skreflusker
47. Skottar
48. Stórasker⁷⁶
49. Strandseljahólmi⁷⁷
50. Sultarsker⁷⁸
51. Vesturhólmar⁷⁹
52. Veturmávasker
53. Víkursker (nú í Húnaþingi vestra)
54. Vondur⁸⁰

⁶⁶ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶⁷ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶⁸ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁶⁹ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷⁰ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷¹ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷² Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷³ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷⁴ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷⁵ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷⁶ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷⁷ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷⁸ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁷⁹ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁸⁰ Hefur ekki fundist á kortasjá.

- 55. Þernhólmi / Þernuhólmi
- 56. Þernuhólmasker⁸¹
- 57. Þorkelssker (í Ísafjarðarbæ og Kaldrananeshreppi)
- 58. Æðarsker (Strandabyggð)
- 59. Æðarsker⁸²

5.3. Önnur svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er áréttað að auk framangreindra nafn- og tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar tekur krafa ríkisins jafnframt til allra annarra nafngreindra, ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta E, Vestfirðir. Fyrir liggur að um slík svæði er að ræða, en að um þau er ekki fjallað í heimildum og þau ekki merkt á kort, þannig að unnt sé að nafngreina eða tilgreina þau með öðrum skýrum hætti.

Tekið er fram að áskilinn er réttur til að bæta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum inn í kafla 5.2 kröfulýsingar þessarar um nafngreind og að öðru leyti tilgreind svæði, eftir því sem heimildaöflun og rannsóknarvinnu vindur fram undir rekstri málsins. Af hálfu ríkisins er litið svo á að í slíku muni ekki felast aukning á kröfum ríkisins, heldur að svæði séu færð úr kafla 5.3 um ónafngreind svæði í kafla 5.2 um nafngreind svæði.

5.4. Utan kröfu íslenska ríkisins

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til eyjanna Æðey og Vigur. Er í þessu sambandi meðal annars litið til þess að um er að ræða eyjur sem voru í byggð í meira en 20 ár frá gildistöku laga nr. 46/1905 um hefð.

Þjóðlendukrafa ríkisins nær hins vegar til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar á stórstraumsfjöru umhverfis eyjurnar, þrátt fyrir að slíkar landfræðilegar einingar kunni í einhverjum heimildum að teljast tilheyra eyjunni eða vera hluti hennar. Sjá að öðru leyti kafla 5.2 og 5.3 kröfulýsingar þessarar.

Vakin er athygli á því að margar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar bera sama heiti. Þannig getur sama nafnið komið fyrir bæði innan og utan kröfu íslenska ríkisins. Því er nauðsynlegt að skoða viðkomandi einingu í kortasjánni en ef hún er innan kröfulýsingar íslenska ríkisins er hún „blálituð“ í kortasjánni. Ef hún er hins vegar grálituð er það einingin sem talin er upp hér eftirfarandi.

Eftirfarandi svæði eru *utan* þjóðlendukröfu íslenska ríkisins:

Árnesbreyppur

- i. Árnesey
- ii. Drangey
- iii. Gjögurshlein/Djúpahlein
- iv. Landeyjar

⁸¹ Hefur ekki fundist á kortasjá.

⁸² Hefur ekki fundist á kortasjá.

- v. Rifsker
- vi. Selsker (móts við Árnes)

Súðavíkurbreppur

- i. Djúphólmi (norðaustan við Landhólma)
- ii. Hrótey
- iii. Klakkur (móts við Austastatanga)
- iv. Langasker (tvö)
- v. Sauðaspillir
- vi. Selsker (þrjú)
- vii. Vigur
- viii. Æðarsker
- ix. Ögurhólmar

Kaldrananesbreppur

- i. Ásmundarneseyjar (Þórðarey)
- ii. Djúpsker (Í Bjarnarfirði)
- iii. Hafnarhólmasker
- iv. Hrótey (í Bjarnarfirði)
- v. Höfðasker
- vi. Hörsey
- vii. Kasarhólmi
- viii. Kirkjuklakkur
- ix. Klakkar (stapi)
- x. Klakkar (móts við Neðrimýrar)
- xi. Kóngsey
- xii. Landeyjar
- xiii. Lyngey
- xiv. Nónsker
- xv. Oddsey
- xvi. Selsker
- xvii. Skipey
- xviii. Skipeyjarhólmar
- xix. Strákey
- xx. Æðarsker

Strandabyggð

- i. Prestsbakkaey (er nú í Húnaþingi vestra)
- ii. Sandsker
- iii. Stórasker

Ísafjarðarbær

- i. Hvítsandasker
- ii. Landsker
- iii. Langasker (tvö)
- iv. Seley
- v. Selsker (þrjú)

- vi. Svarthamarssker
- vii. Sæbólssker
- viii. Vesturhólmi
- ix. Æðey

6. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa þjóðlendukröfur inn á kröfukort, svo og til að gera breytingar á kröfulínunum þar sem það á við. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínur, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 2. febrúar 2024,
uppfært 27. mars 2024,
endurskoðað 9. október 2024,

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

Edda Andrad.

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík